



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 52/2023

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga í verslun Guðsteins

I. Málsmeðferð

Dagana 28. ágúst til 15. september 2023 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í ýmsum verslunum á Laugavegi og aðliggjandi götum. Kom starfsmaður Neytendastofu þ.á.m. í verslun Guðsteins á Laugavegi, sem rekin er af Vaðmál og Glingur ehf., þar sem verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með rétu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga inni í versluninni var ábótant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við verðmerkingar á Peregrine og Joop þykkum peysum og náttfötum í hillu. Þá voru einnig skyrtur í rekka og við afgreiðslukassa óverðmerktar. Verðmerkingar á útstillingum voru metnar viðunandi.

Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemendum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda féluginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 9. október 2023, greindi stofnunin féluginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



Þann 19. október 2023, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Verðmerkingar inni í versluninni voru taldar viðunandi en verðmerkingar á útstillingum verslunarinnar var ábótavant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við að verðmerkingar voru ekki sýnilegar á útstillingum verslunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu til Vaðmáls og Glingurs ehf., dags. 10. nóvember 2023, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málínu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engin svör bárust stofnuninni vegna málsins.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Vaðmál og Glingur ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun Guðsteins á Laugavegi í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vörum sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vörum sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vörum enda sé augljóst til hvaða vörum verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skyld er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“



Samkvæmt ákvæðunum ber versluninni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í versluninni þær að verðmerkingum var ábótavant á útstillingum í verslun félagsins á Laugavegi. Voru n.tt. gerðar sérstakar athugasemdir við að verðmerkingar voru ekki sýnilegar á útstillingunum. Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninni og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

,,Neytendastofa getur lagt stjórnvalssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Vaðmál og Glingur ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Vaðmál og Glingur ehf., Tjarnarstígi 12, 170 Seltjarnarnesi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum í verslun Guðsteins á Laugavegi.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Vaðmál og Glingur ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 18. desember 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir